

Fundur 13.11.2023 Þorvaldur Thoroddsen, jarðfræðingur.

Góða kvöldið.

*Gott kvöld.*

Ætla ég ekki að tala lengi en vildi ég aðeins bæta við nokkru ef mér er það unnt.

Og vil gjarnan að þið fáið að vita það frá okkur hér, mjög stutt höfum ekki tækifæri á löngu sambandi í kvöld að talsverð hætta er á því að hraun komi upp undir Grindavík.

Þorvaldur Thoroddsen.

*Já sæll vinur.*

Já komdu sæll.

Og styðjum því fullkomlega aðgerðir þær sem farið hefur verið út í af ykkar stjórnvöldum.

Og vonum að þessari hrinu fari að slota og botn komist í það hvort það fari að gjósa eða ekki, á næstunni hjá ykkur, en við teljum að líkurnar séu jafnvel meiri en minni og höfum reynt að beina þessu frá bænum en það þarf sérstakan fund til að segja frá því, hvað gerðist á föstudaginn og þessa örlagaríku daga og höfum við margt lært um þetta, hvernig þessi mál þróast.

Og erum enn að vona að sem minnst tjón verði af þessu ef það gýs á þessum stað, en erum ekki fullkomlega vissir um hvar það verður, ef það verður yfirleitt.

Já hef fylgst með fundinum og ágætur fundur, en verð ég nú að kveðja ykkur, kem ég aftur síðar og reyni að segja betur frá þessu.

Höfum stöðugt upplýsingar sem við reynum að koma á framfæri, verið þið sæl.

*Já þakka þér fyrir og vertu sæll og blessaður.*